

Nefndasvið Alþingis
Umhverfis- og samgöngunefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



Reykjavík 9. febrúar 2021

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, mál 370.

Samtök ferðaþjónustunnar (samtökin) vísa til tölvupósts umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 26. janúar sl., þar sem óskað er umsagnar samtakanna um tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, 370. mál. Eins og fram kemur í greinargerð með tillöggunni þá er hún samhljóða tillögu þeirri sem flutt var á 145. og 146. löggjafarþingi. Samtökin hafa farið yfir ofangreinda þingsályktunartillögu og vilja í því tilefni koma eftirfarandi ábendingum á framfæri sem eru samhljóða ábendingum sem samtökin sendu 5. apríl 2017

Almennt um rammaáætlun

Samtökin lýsa almennt ánægju yfir faglegum vinnubrögðum sem viðhöfð hafa verið við flokkun virkjanakosta þar sem greinilega er tekið tillit til þátta sem snerta fjölbreytta nýtingu á landsvæðum og náttúrvernd með framtíðarhagsmuni þjóðarinnar í huga.

Hér er lögð fram tillaga sem byggir á tillögu verkefnastjórnar sem starfað hefur eftir að lög um vernd og orkunýtingu sem samþykkt voru í maí 2011 tóku gildi. Telja samtökin að vel hafi tekist til að mestu leyti með ferlið og þá aðferðafræði sem þar býr að baki, þó að alltaf megi læra af reynslunni og betrubæta í vinnu við seinni áfanga.

Í ferlinu eru niðurstöður fagahópa 1 og 2 mjög mikilvægar við matið, en efnahagslegir og samfélagslegir þættir koma minna inn með mælanlegum hætti. Þetta má segja að veiki niðurstöður verkefnastjórnar en á hinn bóginn liggja engan veginn fyrir nægar forsendur til að mæla þessa þætti.

Varðandi mat á efnahagslegum áhrifum virkjanahugmynda þá er hægt að segja að lítið tillit sé tekið til þeirra, enda illgerlegt að meta þær nema ljóst sé hvernig orkan verður nýtt og hve mikið fæst fyrir hana. Þá er jafnvel enn erfiðara að gera sér grein fyrir efnahagslegum áhrifum annarrar nýtingar en orkuvinnslu, þá einkum ferðaþjónustu, á svæðum þar sem virkjunarkostir eru nú til skoðunar.

Samtökin ítreka það sem komið hefur fram í öðrum umsögnum SAF um málefni verndar- og orkunýtingaráætlunar að ferðaþjónusta og orkuvinnsla getur farið vel saman. Hafa ber í huga að yfir 80 prósent erlendra ferðamanna sækja Ísland heim vegna óspilltrar náttúru. Því er mikilvægt að halda landslagsheilum óröskuðum og viðhalda þannig þeirri sérstöðu sem landið hefur sem ferðamannaland.

Loftslagmálin

Nokkuð hefur borið á í umræðunni um rammaáætlun að loftslagmál séu ekki einn af þeim þáttum sem fjallað hefur verið um. Þegar um er að ræða vatnsaflsvirkjun breytir ekki miklu frá hvaða virkjun raforkan kemur heldur hvernig það er nýtt. Má hér benda á að mjög mikilvægt er að stjórnvöld hraði orkuskiptum í samgöngum í samráði við atvinnulífið. Þá telja samtökin afar mikilvægt að orkuþörf í samræmi við orkuspa sé höfð til hliðsjónar í vinnu við þá áfanga rammaáætlunar sem eru til umræðu hverju sinni.

Brennisteinsmengun frá jarðvarmavirkjunum er staðreynd en í fyrirliggjandi tillögum er megnið af þeim kostum sem flokkaðir eru í nýtingarflokk jarðvarmavirkjanir og því umhugsunarefni. Jafnframt ber að hafa í huga að mikilvægt er að þegar um jarðvarmavirkjanir er að ræða er fjölnýting æskileg. Einnig ber að hafa í huga mikilvægi hitaveitna og framtíðarmöguleika komandi kynslóða til nýtingar heita vatnsins.

Um aðferðarfræði tengda ferðapjónustu

Það er engan veginn auðvelt að byggja upp aðferðarfræði sem tekur á öllum þeim fjölmörgu og ólíku þáttum sem taka þarf tillit til við mat á verndun eða nýtingu svæða fyrir virkjanir. Í þriðja áfanga hefur aðferðarfræðin sem nýtt er til að meta kostina út frá ferðamennsku verið bætt frá fyrri áfanga og er að mestu að ná utanum mikilvægustu þættina. Þó vilja samtökin benda á, að enn virðast svæði sem eru í nálægð við þéttbýli á höfuðborgarsvæðinu fá minna vægi en æskilegt væri. Á þetta t.d. við um Þverárdal og Austurengjar sem eru mikilvæg litt röskuð svæði í nágrenni höfuðborgarinnar og eru mikilvæg fyrir styttri ferðir.

Heildstæð óröskuð svæði eru afar mikilvæg fyrir ferðapjónustuna og virðist sem svo að jaðarsvæði hálendisins samkvæmt aðferðarfræðinni fái ekki nægjanlegt vægi.

Virkjunarkostir sem lagt er til að fari í nýtingarflokk

Samtökin mótmæla því að Skrokkölduvirkjun sé sett í nýtingarflokk. Þessi virkjanakostur ætti að vera í verndarflokki enda við jaðar stærsta þjóðgarðs Evrópu og ferðamenn geta í dag notið víðernis á stórum hluta þessa svæðis. Þó svo að áhrif þessarar virkjunar séu mun minni en af Hágönguvirkjunum þá er hún fyrirhuguð á svæði sem alls ekki ætti að raska.

Einnig lýsa samtökin yfir áhyggjum, eins og áður segir, að Austurengjar við Krísuvík og Þverárdalur á Hellisheiði eru flokkuð í nýtingarflokk og telja að bíða ætti með framkvæmdir á þessum svæðum.

Um svæði sem flokkuð eru í vernd

Samtökin lýsa yfir ánægju með þau svæði sem tillaga er um að flokkist í verndarflokk.

Vatnasvæði Héraðsvatna og þar með jökulárnar í Skagafirði eru mjög mikilvæg fyrir ferðapjónustu í Skagafirði og eru möguleikar flúðasiglinga ein af aðal undirstöðum ferðapjónustu svæðisins.

Við Skjálfandaflijt eru margir mikilvægustu ferðamannastaðir og ferðaleiðir á norðurhálendinu, þar eru forsendur til frekari dreifingar ferðamanna og aukinnar starfsemi. Þá er Skaftá og vatnasvæði hennar mikilvægt fyrir ört vaxandi ferðamennsku og þjónustu henni tengdri á stóru svæði á Suðurlandi, þar sem öflug starfsemi er nú þegar fyrir hendi og margvíslegir möguleikar til staðar.

Vestursvæði Þjórsár er mikilvægt svæði fyrir sakir náttúru. Svæðið þolir ekki mikla ferðamennsku og sú ferðamennska sem þar á sér stað verður að vera takmörkuð. Virða verður á allan hátt hina viðkvæmu náttúru svæðisins. Þá er mat samtakanna að Þjórsárver sem óraskað svæði, er mikilvægt fyrir ímynd landsins.

Svæði sem lagt er til að verði í biðflokki

Samtökin mótmæla að Búðartunguvirkjun sé sett í biðflokk í stað verndarflokks, ekki er ásættanlegt að virkja á þessu svæði rétt fyrir ofan Gullfoss sem er einn mikilvægasti ferðamannastaður landsins og öll röskun í nágrenni hans er með öllu óásættanleg.

Samtökin gera ekki athugasemdir við önnur af þeim svæðum sem lagt er til að fari í biðflokk en benda á mikilvægi þess að ákvarðanir um að taka ný svæði til orkunýtingar þurfa að vera mjög vel ígrundaðar.

Mikilvægi miðhálendisins

Samtökin hafa í gegnum tíðina lagt mikla áherslu á að miðhálendið verði starfsvettvangur ferðþjónustu í gegnum friðlýsingu svæða. Samtökin hafa einnig, ásamt öðrum aðilum, líst yfir vilja til að kanna stofnun þjóðgarðs á miðhálendinu en forsendur slíkrar stofnunar þurfa að vera vel rökstuddar. Vinna þarf markvisst að verndun og skynsamlegri nýtingu þeirrar auðlindar sem náttúra Íslands er, bæði í nútíð og langri framtíð.

Að lokum ítreka samtökin þá skoðun að horfa verði á náttúruauðlindina á mun víðari grunni en gert hefur verið hingað til og stefna þannig að því að ná saman skipulagi sem horfi til langtímamarkmiða við nýtingu og verndun íslenskrar náttúru

Er framangreindu hér með komið á framfæri við umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis og gera samtökin að öðru leyti ekki frekari athugasemdir við fyrirbyggjandi tillögu að þingsályktun. Samtökin áskilja sér þó rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum og lýsa sig um leið reiðubúin til að funda um efnið sé þess óskað af hálfu nefndarinnar.

Virðingarfyllt,

f.h. SAF – Samtaka ferðþjónustunnar



Jóhannes Þór Skúlason

framkvæmdastjóri